



SOCIAL SCIENCE
RESEARCH INSTITUTE
UNIVERSITY OF ICELAND

Fréttabréf SÆNS

Árgangur 3, tölublað 2

ÁGÚST 2012

Undirbúningur hefst við gerð upplýsinga- og ráðgjafarkerfis um nám og störf

Bls. 2:

KANS: Nýtt mælitæki fyrir náms- og starfsráðgjafa

Bls. 3

Fréttir af ELGPN

Bls. 4:

Upplýsingar um námskeið 24. september

Sérfræðisetri um ævilanga náms- og starfsráðgjöf hefur verið falið að þróa gerð upplýsinga- og ráðgjafarkerfis um nám og störf. SÆNS vinnur þetta verkefni í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og er verkefnið kostað af IPA (Instrument for pre-accession) styrk til Íslands vegna umsóknar um aðild að ESB. Heildarverkefnið heitir: *Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun* og beinist að fólki sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla. Stefnt er að því að auka skilvirkni framhaldsfræðslu með áherslu á þróun

raunfærnimats og uppbyggingu upplýsinga- og ráðgjafarkerfis um nám og störf. SÆNS er aðili (partner) í þessu verkefni og mun í samvinnu við FA þróa upplýsinga- og ráðgjafarvef um nám og störf. Upphafsdagur þróunarverkefnisins er 1. september 2012 og áætlað er að því ljúki á árinu 2015. Næstu skref verða að ráða nýjan starfsmann að Sérfræðisetrinu og þróa og móta heildarumgjörð þessa stóra verkefnis.

Námskeið 24. september

Eitt af fyrstu skrefunum í uppbyggingu og þróun á heildstæðu upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og

störf er námskeiðið: *Rafræn náms- og starfsráðgjöf, möguleikar og markmið*. Annars vegar verður opið námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa eftir hádegi mánudaginn 24. sept. (Sjá nánar á baksíðu). Hins vegar verður fundur með stefnumótendum þriðjudaginn 25. sept. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu og er skráning hafin á www.saens.hi.is.

Styrktaraðilar námskeiðs auk SÆNS eru:

Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafa

Félag náms- og starfsráðgjafa

Iðan fræðslusetur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Vinnumálastofnun



VINNUMÁLA
STOFNUN



FÉLAG NÁMS- &
STARFSRÁÐGJAFNA



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



euro | guidance
1992 | 2012

SÆNS

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf



IÐAN
fræðslusetur

Námssamningar og sveinspróf

Nýtt mælitæki ásamt handbók handa náms- og starfsráðgjöfum

Könnun á aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli (KANS) kemur út í september, ásamt handbók. Með því lýkur fjögurra ára rannsóknarverkefni, sem hófst með alþjóðlegum fundi fræðimanna í Berlín árið 2008. En um leið er komið að því að kynna mælitækið meðal náms- og starfsráðgjafa. Þeim náms- og starfsráðgjöfum sem ætla sér að nota mælitækið verður gefinn kostur á stuttum undirbúningsnámskeiðum.

KANS byggir á kenningu dr. Mark Savickas um hugsmíð starfsferilsins (career construction theory) og er aðlögunarhæfni á starfsferli einn meginþáttur í því hvernig hver og einn mótast sinn starfsferil. Aðrir mikilvægir þættir eru starfsmanngerðin (vocational personality) og lífspemu. Savickas leiddi alþjóðlega rannsóknarsamstarfið sem hafði að markmiði að þróa tæki til að mæla aðlögunarhæfni á starfsferli samtímis í 13 löndum. Hér á landi var sett á stofn sex manna rannsóknarteymi undir stjórn dr. Guðbjargar Vilhjálmssdóttur prófessors í náms- og starfsráðgjöf við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

Framvinda rannsóknarinnar var aðallega fjórpætt:

- 1) Þýðing á erlendum atriðum og könnun á áreiðanleika og réttmæti þeirra meðal grunn- og framhaldsskólanemenda.
- 2) Könnun í rýnihópi náms- og starfsráðgjafa á alþjóðlegum atriðum og viðbótaratriðum sem eiga við aðlögunarhæfni á starfsferli hér á landi.
- 3) Fyrirlögn á nýjum íslenskum lista meðal nema í framhaldsskólum og háskólum.
- 4) KANS listinn fínþússaður og lagður fyrir í landsúrtaki fólks (alls 1575 manns) á aldrinum 15-65 ára.

Í KANS spurningalistanum eru 67 atriði sem



skiptast á **sex kvarða**: umhugsun – stjórn – forvitni – sjálfsstraust – samvinna – samfélagsvitund (sjá mynd hér að ofan). Fyrstu kvarðarnir fjórir (umhugsun, stjórn, forvitni, sjálfsstraust) liggja að baki aðlögunarhæfni á starfsferli, skv. Savickas. Samvinna og samfélagsvitund voru atriði sem urðu til í þróun mælitækisins hér á landi.

Handbókin skiptist í fimm kafla. Í inngangi er fræðilegum bakgrunni lýst og þróunarvinnu. Í öðrum kafla er lýsing á mælitækinu og stöðlun lýst í þriðja kafla. Þá er kaflinn um áreiðanleika og réttmæti KANS og svo að lokum kaflinn um fyrirlögn og túlkun. Handbókin er nauðsynleg við túlkun niðurstaðna því þar fá notendur KANS upplýsingar um hvernig fólk í fimm aldurshópum kemur út á kvörðunum sex. Niðurstöður á fleiri bakgrunnsbreytum, s.s. kynferði, búsetu og menntun er einnig að finna í handbókinni. Náms- og starfsráðgjafar munu því nota handbókina til að túlka niðurstöður með skjólstæðingum sínum.

Hafir þú, lesandi góður, áhuga á að komast á undirbúningsnámskeið í notkun KANS ertu vinsamlegast beðinn um að hafa samband (gudvil@hi.is), því nú er komið að því að innleiða notkun þessa nýja mælitækis í fagstétt náms- og starfsráðgjafa.

ELGPN fréttir og fundir

Eins og undanfarin ár leiðir Ísland vinnupakka um aðgengi ásamt Frökkum í ELGPN samstarfinu. Þessi vinna hefur gengið vel og von er á t.d. handbók fyrir stefnumótendur og orðalista um hugtök í náms- og starfsráðgjöf síðar á árinu.

Vinnufundur í Varsjá í apríl

Í apríl fór fram vinnufundur vinnupakkans í Varsjá, Póllandi sem Erna Árnadóttir og Guðrún Birna Kjartansdóttir tóku þátt í fyrir hönd Íslands. Á fundinum var farið yfir þau verkefni sem framundan eru og sérstök áhersla var lögð á vinnu við þau gögn sem ELGPN mun gefa út síðar á árinu, handbók fyrir stefnumótendur, orðalista og skýrslu um starf ELGPN.

Bætt þjónusta fyrir atvinnuleitendur í Póllandi

Þátttakendur á fundinum fengu kynningu á opinberri þjónustu sem atvinnulausir fá í Póllandi. Hún hefur tekið stakkaskiptum undanfarið en mikil áhersla lögð á aukin þægindi og bættu þjónustu fyrir neytendur. Mikið er lagt upp úr því að þeir sem þurfa upplýsingar fái þær eins fljótt og hægt er. Hægt er að hringja eða fá þjónustu gegnum netið og minna um að fólk þurfi að standa í röðum og bíða eftir þjónustu. Heildaránægja með þjónustu mælist nú um 95% sem telst vikilega gott og er viðsnúningur frá því sem áður var.

Ráðgjöf fyrir eldra fólk

Dr. Bernhard Jenschke kynnti nýlegt verkefni í ráðgjöf í Þýskalandi (sjá mynd). “The retirement compass” er eins og nafnið gefur til kynna, áttaviti eða leiðarvísir fyrir þá sem huga að starfslokum. Leiðarvísirinn fær fólk til að hugsa um starfslok á skipulegan hátt og fólk er hvatt til að skoða starfsferilinn og meta til dæmis hvers það muni sakna úr starfsumhverfi sínu og hvaða tækifæri felast í starfslokum.



Bernhard Jenschke fulltrúi Þýskalands í ELGPN í pontu og honum til sitthvorrar handar sitja Raimo Vuorinen og Erna Árnadóttir



Nýtt tímabil í ELGPN að hefjast

Mikill vilji virtist vera fyrir auknu starfi í löndunum sjálfum á komandi starfstímabili ELGPN 2013-2014. Einnig verður aukin áhersla lögð á gæði og mat í náms- og starfsráðgjöf en hingað til hefur megináhersla verið lögð á fjögr þemu sem birtast í vinnupökkunum fjórum (sjá nánar: elgpn.eu).

Handbók fyrir stefnumótendur

Verið er að ganga frá handbók fyrir stefnumótendur í náms- og starfsráðgjöf. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar geta notað handbókina til að ákveða sameiginlega hvaða mál þurfa aukna athygli. Til dæmis væri hægt að huga að markvissari stefnu-

mótun almennt í náms- og starfsráðgjöf, skoða leiðir til að auka aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og til að bæta gæði og mat.

Tækifæri og tæki til að efla náms- og starfsráðgjöf

Á næsta tímabili mun ELGPN verða sýnilegra í löndunum en hingað til. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar á Íslandi munu vonandi nýta þau tæki sem ELGPN er að framleiða, til að meta stöðuna og styrkja náms- og starfsráðgjöf hér á landi.

Næsti fundur ELGPN verður í Kýpur í október og þá kemur betur í ljós hvernig starfið verður skipulagt næsta tímabil en þá verður handbókin jafnframt formlega gefin út.

Rafræn náms- og starfsráðgjöf; möguleikar og markmið

Námskeið um notkun upplýsingatækni í náms- og starfsráðgjöf fer fram á **Hótel Sögu mánudaginn 24. september frá kl. 13-17.**

Fyrirlesarar verða:



Dr. Raimo Vuorinen er framkvæmdastjóri ELGPN (evrópskt samstarfsnet um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf) og hefur mikla reynslu og þekkingu á uppbyggingu upplýsinga- og ráðgjafarkerfa í Evrópu.



Dr. Jim Sampson er prófessor við Florida State University og hefur víðtæka þekkingu á notkun upplýsinga- og samskiptatækni í ráðgjöf.

Helstu markmið námskeiðsins er að kynna möguleika sem tæknin hefur upp á bjóða til að:

- veita upplýsingar um nám og störf
- til að bæta aðgengi að náms- og starfsráðgjöf
- bæta og styðja við náms- og starfsfræðslu.

Einnig er stefnt að því að:

- Bæta þekkingu starfandi og verðandi náms- og starfsráðgjafa á möguleikum upplýsinga- og samskiptatækni í ráðgjöf.
- Skoða hvaða hæfni náms- og starfsráðgjafar þurfa að búa yfir til að geta sinnt rafrænni ráðgjöf.
- Upplýsa stefnumótendur og aðra hagsmunaaðila í náms- og starfsráðgjöf um möguleika upplýsinga- og samskiptatækni í náms- og starfsráðgjöf.
- Skoða aukið samstarf hagsmunaaðila.
- Bæta þekkingu helstu hagsmunaaðila á fræðilegum og faglegum álitamálum um notkun tækninnar í náms- og starfsráðgjöf og við upplýsingagjöf um nám og störf.
- Deila reynslu og ræða næstu skref í uppbyggingu á upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf.

Skráning er hafin á saens.hi.is

Ókeypis er á námskeiðið

Dæmi um nýlega uppfærð upplýsinga- og ráðgjafarkerfi:

My WOW— My World of Work: Upplýsingar um nám og störf í Skotlandi

National Careers Service: Upplýsingar og ráðgjöf í Bretlandi

Careerswales.com: Upplýsingar um nám og störf í Wales

Upplýsingakerfi er að finna í mörgum öðrum löndum og hægt er að nálgast tengla á heimasíðu **SÆNS: www.saens.hi.is**

SÆNS

Sérfræðisetur í ævilangri
náms- og starfsráðgjöf



EUROPEAN LIFELONG
GUIDANCE POLICY
NETWORK